

Nd.

42. Frumvarp til laga

um teiknistofu landbúnaðarins.

Fhm.: Steingrímur Steinþórsson, Bjarni Ásgeirsson.

1. gr.

Stofna skal sérstaka teiknistofu, er nefnist teiknistofa landbúnaðarins og hér eftir í lögum þessum nefnist teiknistofan.

2. gr.

Verkefni teiknistofunnar er að gera uppdrætti að húsum, sem lán eða styrkur er veittur til úr byggingar- og landnámsjóði, nýbýlasjóði, ræktunarsjóði eða öðrum opinberum sjóðum, sem til eru eða stofnaðir kunna að verða að tilhlutun ríkisins til að veita lán eða styrki til húsagerðar í sveitum. Skal það vera skilyrði fyrir lánnum eða styrkveitingum úr slíkum sjóðum, að teiknistofan hafi gert eða samþykkt uppdrætti að húsunum.

3. gr.

Teiknistofan hefir forgöngu um, eftir því sem fé er til þess veitt í fjárlögum, að komið verði upp vinnustofum í sveitum til að smíða húsgögn handa sveitaheimilum. Skal teiknistofan láta gera uppdrætti að slíkum húsgögnum og leita aðstoðar íslenzkra listamanna í þeim tilgangi, að komið verði upp þjóðlegum og ódýrum stíl í húsbúnaði sveitabæja. Vinnustofur þessar skulu annast kennslu í slíkri húsgagnagerð, eftir því sem við verður komið.

4. gr.

Teiknistofunni ber að sjá svo um, að vinnustofurnar selji húsgögnin við kostnaðarverði.

5. gr.

Teiknistofan skal veita bændum leiðbeiningar um byggingarkostnað, efnisval og annað slíkt, er viðkemur húsagerð. Hún skal gefa út handbók með almennum leiðbeiningum í þessum efnum og fyrirmyndaruppdráttum að húsum og húsgögnum.

Teiknistofunni ber að fylgjast með erlendum og innlendum nýjungum í húsa-

gerð, rannsaka þær og gera tilraunir með það, er til framfara mætti verða í gerð og notkun húsa, eftir því sem við verður komið.

6. gr.

Landbúnaðarráðherra skipar forstöðumann teiknistofu landbúnaðarins og ákveður laun hans. Forstöðumaður annast stjórn teiknistofunnar í samráði við stjórn Búnaðarbanka Íslands og nýbýlastjórn ríkisins undir yfirumsjón landbúnaðarráðherra. Forstöðumaður ræður sér menn til aðstoðar, að fengnu samþykki landbúnaðarráðherra.

7. gr.

Kostnaður við rekstur teiknistofunnar greiðist úr sjóðum þeim, er lán eða styrki veita til húsaþygginga í sveitum, sbr. 2. gr. Greiðsla hvers sjóðs skal ákveðin af landbúnaðarráðherra í sem réttustu hlutfalli við það fjármagn, sem sjóðurinn veitir til bygginganna.

8. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Frv. þetta er flutt samkvæmt ósk landbúnaðarráðherra, og fylgdi því svo hljóðandi greinargerð:

„Húsnæðismál sveitaheimilanna hefir lengi verið og er enn eitt af mestu vandamálum þjóðarinnar. Það getur ekki leikið á tveim tungum, að verulegur hluti fólksflutnings úr sveitunum til kaupstaðanna stafar af lélegum húsakynnum sveitanna.

Það er ekki eðlilegt, að sveitafólk uni því, að búa í lélegri húsakynnum en almennt gerist í kaupstöðum landsins. Íbúðir manna eru þýðingarmikill þáttur lífskjaranna, hvar sem er á landinu. Húsakynni í sveitum eru enn mjög léleg víða. Liggja að visu ekki enn sem komið er neinar nákvæmar skýrslur fyrir um það, á hve mörgum bæjum er þörf endurbyggingar eða verulegra aðgerða, en hitt er þó víst, að ekki verður komið hjá því, að þjóðfélagið geri allt það, sem í þess valdi stendur, til að bæta húsakynni í sveitunum.

Á síðari árum hefir verið töluvert að þessu gert af ríkisins hálfu, sumpart með lánnum og einnig með styrkjum. Má benda á það, að úr Búnaðarbanka Íslands og sjóðum þeim, sem hann hefir yfir að ráða, er lagt fram árlega í styrkjum og lánnum til húsaþygginga í sveitum nokkuð yfir ½ millj. kr. Af þessu er auðsætt, að ekki skiptir litlu máli, að þessu fé, og því, sem einstaklingar leggja fram, sé vel varið, þannig, að menn fái sem mest þægindi í húsakynnum fyrir fjárhæð, sem er viðráðanleg fyrir þá, sem í húsunum eiga að búa. Kemur hér margt til: Form og allt fyrirkomulag húsa, hvaða efni er varanlegast, ódýrast og hlýjast, og jafnframt hvernig að húsaþyggjunum er unnið. Ef ekki er notuð í þessum málum sú sérþekking og reynsla, sem menn hafa aflað sér með löngu námi og starfi, þá er hætt við, að miklum fjármunum sé kastað í sjóina, án þess að menn fái fyrir þá þau þægindi, sem ella væri unnt.

Þetta gildir ekki aðeins um húsin sjálf, heldur einnig um þau þægindi, sem í húsunum þurfa að vera: Húsgögnin. Þeir, sem ferðast um sveitir landsins, finna oft til þess, hve mikil vöntun er á húsgögnum í myndarlegum íslenskum stíl, sem sé hvorttveggja í senn, þægindi fyrir heimilisfólkið og heimilisþryði. Ýmsar þjóðir gera mjög mikið að því, að koma á sérstakri húsgagnagerð í þjóðlegum stíl fyrir sveitaheimilin, og það þarf einnig að komast á hér. Íslenski stíllinn hefir verið að hverfa smátt og smátt af heimilunum og er nú orðið tæpast til annarsstaðar en í þjóðminjasafninu, en þar eigum við mikið efni, sem getur orðið og á að verða til fyrirmyndar, þegar byrjað verður að smíða þessi húsgögn. Ef vel væri að verið,

ætti ekki að líða á löngu áður en svo að segja á hverju íslensku sveitaheimili væru til húsgögn í þjóðlegum stíl.

Upphitun íbúðarhúsa í sveitum, þó ný og vönduð séu, er oft mjög ábótavant, til mikilla óþæginda og jafnvel heilsutjóns fyrir þá, sem í þeim búa. Þetta atriði verður stöðugt meira aðkallandi, þar sem baðstofurnar og torfbæirnir eru nú að hverfa úr sögunni og steinhús að koma í staðinn. Er sjálfsagt að taka hér til athugunar, eins og annarsstaðar hefir verið gert, hvort ekki er unnt að framleiða brennslufni í landinu sjálfu meir en nú er gert.

Tilgangur þessa frv., sem nú liggur fyrir, er að reyna að bæta úr ágöllum í þessum efnum, sem enn eru fyrir hendi, þótt mikið hafi verið unnið til úrbóta hin síðustu ár. Gert er ráð fyrir, að sett verði á stofn teiknistofa sveitaheimilanna, er taki að sér þau verkefni, er teiknistofa byggingar- og landnámssjóðs nú hefir, og ýms fleiri. Teiknistofa sveitaheimilanna á að gera uppdrætti að öllum húsum, sem lán er veitt til eða styrkur úr byggingar- og landnámssjóði eða öðrum opinberum stofnunum til húsabóta í sveitum, og ennfremur uppdrætti að húsgögnum á sveitabæjum. Það er ætlað til, að gert verði að skilyrði fyrir lán- eða styrkveitingu, að teiknistofan annist teikningarnar. Er þetta gert til þess, að reynsla og sérþekking fái notið sín á þessu sviði og komið verði í veg fyrir mistök, sem óneitanlega hafa verið nokkuð algeng, sem eðlilegt er.

Hlutverk teiknistofu sveitanna á einnig að vera að fylgjast með nýjungum í sveitabyggingum innan lands og utan, og gera tilraunir með það, er til framfara mætti verða. Erlendis hefir þetta fyrirkomulag víða verið haft um langt skeið, og nauðsynlegt, að sá háttur verði einnig tekinn upp hér. Þótt þetta kosti nokkurt fé, sýnir reynsla annara, að þeir peningar margborga sig. Þá verður það og hlutverk teiknistofunnar, eins og verið hefir, að veita umsækjendum um lán eða styrk leiðbeiningar um byggingarkostnað húsa, efnisval og annað slíkt, er máli skiptir. Jafnframt verði tekinn upp sá háttur, sem er nýbreytni, að gefa út handbók með almennum leiðbeiningum viðvikjandi húsgögnum. Mjög margar leiðbeiningar koma til greina um byggingu húsanna. Það hefir sýnt sig á undanförunum árum, að þrátt fyrir samskonar aðstæður, er kostnaðurinn oft mjög mismunandi. Með því að taka sér langan tíma til undirbúnings byggingunni og nota heimavinnu eða ódýra aðkeypta vinnu, hafa margir bændur sparað sér mikið fé samanborið við þá, sem framkvæmt hafa byggingar undirbúningslitið. Það hefir einnig mjög mikla þýðingu, að notuð séu ódýr en vinnusparandi tæki, að svo miklu leyti, sem unnt er. Er ætlað til, að teiknistofan haldi uppi fræðslu um þessi atriði með námskeiðum, eftir því sem við verður komið.

Ef koma á til verulegra framkvæmda um smíði á húsgögnum handa sveitabæjum og sölu á þeim, við hæfilegu verði, þá þarf að koma upp húsgagnavinnustofum í sveitunum, þar sem aðstæður eru góðar. Virðist augljóst, að hentugast sé að koma upp slíkum vinnustofum í sambandi við aðrar tegundir af verkstæðum, sem líklegt má telja, að komið verði á fót í sambandi við héraðsskólana. Það virðist bersýnilegt, án þess að frekar verði farið út í það hér, að í héraðsskólunum þarf að koma á stórlega auknu verklegu námi frá því, sem nú er, og að sinu leyti hliðstæðu því, sem fyrirhugað er í bændaskólunum samkvæmt frv., er lá fyrir síðasta þingi og flutt var að tilhlutun landbúnaðarráðherra. Slík verkstæði í sambandi við héraðsskólana myndu jafnframt gera það auðvelt að koma á námskeiðum í húsasmíði og húsgagna-gerð og ýmiskonar verklegu námi.

Landbúnaðarráðuneytið gerir sér vcnir um, að frv. þetta, ef að lögum verður, komi að verulegu gagni og sé a. m. k. spor í rétta átt.“